

Nd.

255. Breytingartillögur

[85. mál]

við frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá sjávarútvegsráðherra.

1. 5. tl. 4. gr. orðist svo:

Krónur 40 milljónir renni í Stofnfjársljóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur, að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegs-
manna.

2. Á eftir 5. tl. 4. gr. komi nýr liður, sem verði 6. tl., svohljóðandi:

Eftirstöðvum, ásamt vöxtum, skal ráðstafað skv. nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis.